



Skýrsla um innra mat í Grenivíkurskóla ásamt umbótatillögum



Skólaárið 2025-2026

1. Inngangur	3
2. Um skólann	4
3. Innra mat skólaárið 2025-2026	4
3.1 Fundir	4
3.1.1 Umbótatillögur - fundir	5
3.2 Skimanir	6
3.2.1 Umbótatillögur - skimanir	7
3.3 Innleiðing teymiskennslu	7
3.3.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu	8
3.4 Ársskýrslur teyma	8
3.4.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma	9
3.5 Starfsþróunarsamtöl	9
3.5.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl	9
3.6 Skólapúlsinn	9
3.6.1 Skólapúlsinn - foreldrakönnun	10
3.6.2 Skólapúlsinn - starfsmannakönnun	13
3.6.3 Umbótatillögur - Skólapúlsinn	16
3.7 Íslenska æskulýðsrannsóknin	16
3.7.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin	17
3.8 Olweusaráætlunin gegn einelti	17
3.8.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti	18
4. Lokaorð	19
Viðauki 1 - mat á umbótatillögum síðasta skólaárs	20
3.1.1 Umbótatillögur - fundir	20
3.2.1 Umbótatillögur - skimanir	20
3.3.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu	21
3.4.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma	21
3.5.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl	21
3.6.3 Umbótatillögur - Skólapúlsinn	21
3.7.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin	22
3.8.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti	22

1. Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat, einnig kallað innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu, og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita við innra mat. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í innra mati eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um innra mat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Grenivíkurskóli notar fjölbreyttar matsaðferðir við innra mat á hverju ári, sem nánar er fjallað um í starfsáætlun hvers skólaárs. Þar að auki kýs skólinn að skoða afmarkaða þætti skólastarfsins á hverju skólaári til þess að tryggja að tekið sé tillit til sem flestra þátta skólastarfsins.

Sjálfsmatsáætlun skólans er gerð til þriggja ára í senn. Á hverju þriggja ára tímabili er þess gætt að sem flestir þættir skólastarfsins séu metnir. Einnig er þess gætt að notast sé við fjölbreyttar matsaðferðir sem annað hvort ná til heilla hópa eða einstaklinga sem á einn eða annan hátt koma að skólastarfinu. Í því sambandi er átt við starfsfólk skólans, nemendur og foreldra.

Á kennarafundum og, eftir atvikum, starfsmannafundum fer fram umræða um innra mat á hverju skólaári. Þar eru teknar ákvarðanir um matsspurningar, gagnaöflun, verkaskiptingu og tímasetningar. Skýrsla um innra mat ásamt umbótatillögum á að liggja fyrir við lok hvers skólaárs og er þá send á fræðslu- og æskulýðsnefnd til kynningar.

Það er síðan í höndum kennara og skólastjóra að vinna að endurbótum í kjölfar innra mats hvers skólaárs. Í umbótastarfi skólans fá kennarar og skólastjórnendur til liðs við sig annað starfsfólk, nemendur og foreldra eftir því sem við á.

Á heimasíðu skólans má nálgast ýmis konar matsgögn sem liggja til grundvallar innra mati skólans, svo sem niðurstöður úr Skólapúlsinum og fleira, undir [“Matsgögn og skýrslur”](#).

2. Um skólann

Í Grenivíkurskóla voru við lok skólaársins 49 nemendur í 1.-10. bekk. Náms hópar voru að grunninum til þrír, 1.-4. bekkur var í einum náms hópi, 5.-7. bekkur í öðrum og 8.-10. bekkur í þeim þriðja. Skólinn hélt áfram teymiskennslu á skólaárinu og voru 2-3 kennarar sem mynduðu teymi utan um hvern náms hóp. Teymum var svo í sjálfvald sett hvort og þá með hvaða hætti náms hópunum var skipt í smærri hópa í kennslu.

3. Innra mat skólaárið 2025-2026

Sem fyrr segir starfar skólinn eftir langtímaáætlun um innra mat þar sem ýmsir þættir eru teknir til skoðunar á hverju skólaári. Að takmörkuðu leyti var unnið út frá þessari langtímaáætlun á síðasta skólaári og ljóst að þörf er á að þróa áætlunina betur og gera hana markvissari. Því verður ekki vísað beint til þeirra þátta sem rætt er um í langtímaáætluninni heldur farið almennt yfir það helsta sem gert var í innra mati skólaárið 2025-2026.

3.1 Fundir

Teymisfundir kennara voru áætlaðir vikulega í 45 mínútur í senn. Það sama á við um kennarafundi. Formlegir starfsmannafundir með öllu starfsfólki voru þrír; við upphaf skólaárs, á starfsdegi eftir jólafrí og á starfsdegi á vordögum. Á þessum fundum eru hin ýmsu mál rædd; skipulag í skólanum, nemendamál, starfsmannamál og ýmislegt fleira. Þar fer einnig oft fram umræða og ígrundun um innra starf skólans og tillögur til úrbóta ræddar.

Skólaráðsfundir voru tveir á skólaárinu, einn á hvorri önn, en fundur sem átti að vera í apríl/maí féll niður. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald og í því sitja fulltrúar kennara, annars starfsfólks skólans, foreldra, nemenda og grenndarsamfélagsins. Á fundunum er rætt um flest sem viðkemur skólahaldi, farið yfir

skóladagatal, starfsáætlun, skipulag o.s.frv. og fá fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins tækifæri á að tjá sig um málefni skólans.

Nemendaverndarráðsfundir voru sex á árinu, þrír á hvorri önn. Þar er fjallað um skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og skólaþjónustu, bæði varðandi einstaka nemendur sem og forvarnarstarf.

Forvarnarteymi fundaði í tvígang á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn. Teyminu er ætlað að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, vera starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um þau mál, tryggja að starfsfólk fái þjálfun í þessum málum, sem og að samhæfa viðbrögð starfsfólks í tilfellum þar sem börn greina frá ofbeldi eða áreitni.

Nemendaráð, sem kosið er að hausti, fundaði af og til í vetur, of sjaldan þó. Nemendaráði er ætlað að efla félagslíf nemenda og koma til með tillögur er varða hagsmuni nemenda skólans. Leita þarf leiða til að efla starf nemendaráðs í skólanum.

Nokkrar nefndir voru starfandi í vetur utan um hin ýmsu verkefni; Grænfánanefnd, heilsueflandi nefnd og læsisnefnd til að mynda. Þessar nefndir funduðu þegar tækifæri gáfust og ræddu framgang þeirra verkefna sem undir þær heyrðu.

Umbótatillögur hér að neðan eru að mestu fengnar úr fundargerðum og samtölum á fundum.

3.1.1 Umbótatillögur - fundir

- Bæta umgengni um skólann og eigur hans. Samræma reglur með frágang í stofum á milli lota og eftir daginn (stóla undir borð, hafa borð snyrtileg, taka hluti af gólfum o.s.frv.)
- Leita leiða til að efla heimalestur, t.d. með því að fylgja viðbrögðum skv. áætlun um heimalestrarviðmið.
- Gera kennsluáætlanir/námsvísa með markvissum námsmarkmiðum. Skoða með skiptingu skólaársins í lotur (3, 4 eða 6 t.d.?) með skýrum markmiðum og námsmati við lok hverrar lotu. Skoða í samhengi við stuðningsefni um skipulag náms, kennslu og námsmat (SNKN).
- Skipuleggja nám og kennslu Ísat nemenda með markvissum hætti (nota t.d. MEMM vefinn til stuðnings).
- Efla starf nemendaráðs, t.d. með því að ákveðinn kennari hafi skilgreint hlutverk sem tengiliður þess.

- Efla grænfánastarfið og sækja um endurnýjun vorið 2027.
- Vera duglegri að setja efni í skrifarmöppur nemenda og einnig að skrá niður gullkorn nemenda í þar til gert skjal.
- Innleiða nýjan Námfús og nýta hann betur enn við höfum gert með þann gamla. Skoða t.d. með samræmingu á atvikaskráningum, námsmati o.s.frv.
- Efla virkni forvarnarteymis, tryggja að allt starfsfólk sitji netnámskeið BOFS og tryggja kennslu allra árganga grunnskólans um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.

3.2 Skimanir

Ýmis próf og skimanir eru lagðar fyrir nemendur á hverju skólaári.

Menntamálastofnun hefur þróað svokallaðan Lesferil, matstæki sem er ætlað að meta grunnþætti læsis, s.s. lesfimi, lesskilning, leshraða, ritun, orðaforða og málskilning hjá nemendum í öllum árgöngum. Þá eru árlega lögð fyrir stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir nemendur í 4.-10. bekk.

Þrisvar á ári taka nemendur hraðapróf í lestri og er hægt að skoða niðurstöður í samanburði við landsmeðaltal. Vegna smæðar skólans er línurit yfir niðurstöður í bekkjum ekki sett fram hér. Talsverðar sveiflur eru á milli árganga sem er eðlilegt þegar um fámenna árganga er að ræða. Niðurstöðurnar eru heilt yfir í lakari kantinum og margir nemendur sem mælast undir meðaltali. Leita þarf leiða til að bæta þennan árangur, t.d. með eflingu heimalestrar, en gengið hefur brösuglega að ná góðri þátttöku í heimalestri í skólanum. Ágætt er þó að nefna að þótt þessi hraðapróf gefi ákveðnar vísbendingar um færni nemenda, er mikilvægt að skoða þau í samhengi við aðra þætti, s.s. lesskilningi og lesfimi, almennan námsárangur o.fl.

Læsi - lestrarskimun er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk, Orðarún - lesskilningspróf eru lögð fyrir nemendur í 3.-8. bekk og þá taka nemendur stafsetningarpróf og fleiri kannanir í sínum hópum. Niðurstöður þessara kannana eru skoðaðar af kennurum og, eftir atvikum, fagstjóra stuðningskennslu og skólastjóra. Ef niðurstöður gefa vísbendingar um slaka færni eða ákveðna veikleika er staða nemandans skoðuð í kjölinn og mögulega farið í ítarlegra greiningarferli, t.d. Logos-lestrarskimun. Niðurstöðurnar eru einnig nýttar við val eða aðlögun á námsefni og/eða gerð einstaklingsnámskráa.

Í mars voru í fyrsta sinn lögð fyrir samræmd stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Prófin eru skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk, en valkvæð í öðrum árgöngum. Í Grenivíkurskóla var ákveðið að leggja prófin fyrir í öllum árgöngum. Tilgangur stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemanda og framvindu í námi, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta námslegum þörfum nemenda á árangursríkan hátt.

Fyrirlögn prófanna gekk vel og almenn ánægja hjá kennurum með prófin og hvernig niðurstöður þeirra eru birtar. Mikilvægt er að nota niðurstöðurnar til skipulagningar náms og kennslu svo þau megi nýtast sem best í þágu nemenda.

Allir nemendur skólans fá reglulega námsmat, bæði í kjölfar verkefna, kaflaprófa og annars mats í skólanum, og þá fá allir nemendur ítarlega umsögn inni á Námfús þrisvar sinnum á skólaári; í nóvember, febrúar og maí/júní. Þá er námsframvinda og líðan nemenda rædd í foreldraviðtölum. Við skólaslit fengu allir nemendur vitnisburðarblað með lokamati og almennri umsögn.

3.2.1 Umbótatillögur - skimanir

- Nýta niðurstöður stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði til skipulagningar kennslu í samræmi við stöðu nemenda.
- Tryggja aðgengi að hljóðbókum og öðrum hljóðrænum stuðningi í námi, sérstaklega til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða.
- Gera lestrarumhverfi notalegt, hvetjandi og tryggja lestrarnæði.
- Hvetja foreldra á öllum stigum til að lesa fyrir börn sín heima og styðja við þau og hvetja í heimalestri, t.d. með notkun á forritinu Læsir.
- Tryggja að nemendur sem þurfa aukinn stuðning í námi fái hann tímanlega og markvisst.

3.3 Innleiðing teymiskennslu

Haustið 2021 hóf Grenivíkurskóli að innleiða teymiskennslu í skólanum en Ingvar Sigurgeirsson, kennslufræðingur, var skólanum til ráðgjafar og stuðnings í þessari vinnu. Í teymiskennslu mynda nokkrir kennarar teymi utan um hóp nemenda, bera sameiginlega ábyrgð á þeim hópi og kenna að einhverju eða öllu leyti saman, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Kostir teymiskennslu og teymisvinnu er margir og ótvíræðir og reynsla þeirra skóla sem

hafa farið þessa leið nær undantekningarlaust jákvæð. Samvinna kennara hefur í för með sér fjölbreyttari nálgun á nám og kennslu, sameiginleg ábyrgð á nemendahópi er styrkur fyrir nemendur jafnt sem kennara, og sá faglegi stuðningur og það faglega samtal sem verður til í kennarateymunum er afar mikilvægt. Teymiskennsla og teymisvinna eykur einnig sveigjanleika í námi, styður við einstaklingsmiðun og getur skapað vinnuhagræðingu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Frá því að innleiðingin hófst hafa kostir teymiskennslu víða sýnt sig. Faglegt samstarf hefur aukist, auðveldara er að leysa forföll, og þar sem ábyrgðinni er dreift milli kennara verður forfallakennsla oft markvissari en áður. Heilt yfir hafa nemendur jafnt sem kennarar lýst ánægju sinni með breytingarnar. Þó höfum við líka rekist á hindranir. Sums staðar hefur reynst erfitt að finna nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings kennara, hópaskiptingar hafa reynst snúnar og þá hafa forföll starfsfólks haft áhrif í sumum teymum.

Við ætlum að halda áfram að þróa teymiskennsluna við skólann og leggja þar áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, samþættingu námsgreina og verkefna miðað nám.

3.3.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu

- Tryggja nægan tíma til funda og sameiginlegs undirbúnings teyma.
- Fjölga heildstæðum, samþættum verkefnum, auka ábyrgð nemenda og efla sjálfstæð vinnubrögð.
- Skoða leiðir til að aðlaga húsnæði skólans betur að teymiskennslu og sveigjanlegum kennsluháttum.
- Vera virk í að kynna okkur framúrskarandi starf í skólum sem við getum borið okkur saman við og hagnýta það sem hægt er þaðan.

3.4 Ársskýrslur teyma

Í tengslum við innleiðingu teymiskennslu í skólanum var ákveðið að kennarateymi myndu skila inn ársskýrslu fyrir hvert skólaár. Þar koma fram ýmis konar hagnýtar upplýsingar um námsumhverfi og skipulag, kennslu, samstarf og ýmislegt fleira. Tilgangur þessara ársskýrslna er einkum tvíþættur; annars vegar er þetta góð leið fyrir kennarateymi að rýna í starfið í vetur, sjá hvað vel hefur gengið og einnig hvar gera má umbætur. Hins vegar geta þessar skýrslur verið nytsamlegar fyrir skólastjóra, nýja kennara, sem og þá kennara eða þau teymi sem taka við upp á að geta skoðað það skipulag sem notað var, námsefni o.s.frv.

Í skýrslunum kemur ýmislegt fróðlegt fram og er það mat skólastjóra að þær hafi verið vel unnar og kafið kennara um ígrundun á eigin starfi, sem er afar mikilvægur þáttur í kennslu.

3.4.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma

- Skipuleggja 80 mínútna lotur vel og tryggja uppbrot, sér í lagi fyrir yngri nemendur.
- Hafa hópastærðir viðráðanlegar, ekki síst í list- og verkgreinum og á yngsta stigi.
- Tryggja viðeigandi stuðning til nemenda sem þarfnast meira inngrips vegna námsörðugleika.
- Huga sérstaklega að og skipuleggja nám í samræmi við þarfir tvítyngdra nemenda.
- Efla heimalestur og eftirfylgd áætlana, t.d. með auknu samtali og auknum kröfum á heimili.

3.5 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru alla jafna tvisvar á hverju skólaári en voru einungis að vori þetta skólarárið. Þar gefst starfsfólki tækifæri á að ræða við skólastjóra um starfið út frá ýmsum hliðum.

Í þessum viðtölum kom fram almenn ánægja með skólastarfið í heild sinni, þótt vissulega séu ávallt til staðar áskoranir í starfinu. Almenn lýstu kennarar ánægju sinni með teymiskennsluna og skipulag skóladagsins.

3.5.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl

- Skólastjóri þarf að skipuleggja starfsþróunarsamtöl betur, hafa þau markvissari og skipulagðari.

3.6 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar lagðar kannanir fyrir foreldra og starfsfólk en hitt árið eru lagðar kannanir fyrir nemendur. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru kynntar á starfsmannafundum, fyrir skólaráði, fyrir fræðslu- og æskulýðsnefnd og fyrir nemendum, og eru nýttar til umbóta á innra starfi skólans.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur. Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er

sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalnúkvörða telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Niðurstöður helstu matsþátta eru birtar hér að neðan, en ítarlegri skýrslur er að finna á [heimasíðu skólans](#).

3.6.1 Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar. 30 þátttakendur voru í úrtaki og svöruðu 29 könnuninni (96,7%). Könnunin mælir mat foreldra á fjölmörgum þáttum sem tengjast skólastarfinu s.s. námi og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarfi o.fl. Einnig gefst foreldrum tækifæri til að skrifa opin svör (í ljósi lítils úrtaks eru opin svör ekki birt opinberlega). Niðurstöður könnunarinnar voru heilt yfir ágætari, en fremur sjaldan var marktækur munur á svörum þegar niðurstöður voru bornar saman við landsmeðaltal. Hér að neðan má sjá valdar niðurstöður á yfirþáttum, en sem fyrr segir má skoða ítarlegri niðurstöður í skýrslu á heimasíðu skólans. Ágætt er að skoða niðurstöðurnar annars vegar út frá samanburði við landsmeðaltal (landið) og hins vegar með því að skoða breytingu frá síðustu könnun sem gerð var í Grenivíkurskóla (breyting).

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,0	29	0,4	5,1	3.949	-0,1
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	96,3%	26 _{/27}	0,0%	89,5%	3243 _{/3637}	6,8%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	79,3%	23 _{/29}	5,2%	81,9%	3130 _{/3800}	-2,6%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	74,1%	20 _{/27}	37,1%	66,8%	2446 _{/3638}	7,3%

Hér eru niðurstöður heilt yfir í góðu samræmi við landsmeðaltal. Afar ánægjulegt er að sjá að mikil breyting hefur verið á mati foreldra á aga í skólanum (1.4.), og mælumst við nú fyrir ofan landsmeðaltal þar, en vorum marktækt undir því í síðustu könnun.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,6	27	0,3	4,8	3.561	-0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	85,7%	24 _{/28}	1,1%	87,8%	3254 _{/3701}	-2,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,1%	27 _{/29}	4,2%	91,8%	3613 _{/3944}	1,3%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	89,7%	26 _{/29}	6,4%	91,1%	3564 _{/3916}	-1,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,1%	27 _{/29}	0,8%	90,6%	3539 _{/3897}	2,5%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	20,7%	6 _{/29}	13,3%	9,3%	377 _{/3866}	11,4%*
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	100,0%	7	50,0%	82,4%	590 _{/703}	17,6%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	71,4%	5 _{/7}	4,7%	53,8%	321 _{/603}	17,6%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	71,4%	5 _{/7}	4,7%	55,1%	320 _{/590}	16,3%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	95,8%	23 _{/24}	0,3%	76,3%	1660 _{/2164}	19,5%*
2.11. Meðaltímabil eineltis	2,1	7	-0,3	1,6	701	0,5
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	7	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	75,9%	22 _{/29}	20,3%	48,0%	1931 _{/3834}	27,9%*

Umfang eineltis (2.6.) mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Er það eðlilegt í ljósi þess að mikið var unnið með einstök mál í ákveðnum námshópum í vetur og foreldrar vel upplýstir um þá stöðu. Ágætlega gekk að vinna úr því máli og líklegt að sú vinna skýri að einhverju leyti þá miklu ánægju sem mælist með eineltisáætlun skólans (2.10.). Að öðru leyti eru

niðurstöður þessara matsþátta á pari við landsmeðaltal, en almennt jákvæð breyting frá síðustu könnun í Grenivíkurskóla.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,1	29	0,1	5,7	3.822	0,4
3.2. Ánægja foreldra með tómstundapjónustu	5,4	23	0,5	5,1	2.369	0,3
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundapjónustu/fristundaheimili	85,7%	24 _{/28}	-3,2%	65,7%	2512 _{/3748}	20,0%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundapjónustu	-	4	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	85,7%	24 _{/28}	-3,2%	74,3%	2736 _{/3682}	11,4%
3.6. Notkun á mat í skólanum	96,6%	28 _{/29}	-3,4%	96,4%	3748 _{/3871}	0,2%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	-	-	-	-	-	-

Almenn ánægja ríkir með aðstöðu og þjónustu, en lítillega dregur úr ánægju með mat.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,8	27	1,1	4,8	3.669	1,0*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	68,4%	13 _{/19}	6,5%	55,1%	1755 _{/3828}	13,3%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	70,0%	14 _{/20}	-15,7%	65,1%	1772 _{/2618}	4,9%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	92,3%	24 _{/26}	-7,7%	92,7%	3435 _{/3781}	-0,4%
4.5. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	27	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	52,0%	13 _{/25}	6,5%	49,9%	1594 _{/3198}	2,1%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	85,0%	17 _{/20}	-3,9%	87,0%	2436 _{/2834}	-2,0%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	88,5%	23 _{/26}	1,5%	79,6%	2817 _{/3555}	8,9%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	82,1%	23 _{/28}	11,7%	71,5%	2824 _{/3853}	10,6%

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi (4.1.) mælist marktækt yfir landsmeðaltali og þar mælist einnig mikil breyting frá síðustu könnun í Grenivíkurskóla. Litlar breytingar eða frávik frá landsmeðaltali eru á öðrum matsþáttum.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,2	26	0,7	4,8	3.780	0,4
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,9	26	0,8	4,5	3.766	0,4
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	60,0%	15 _{/25}	-9,2%	74,0%	2542 _{/3423}	-14,0%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	47,8%	11 _{/23}	0,0%	52,0%	1909 _{/3592}	-4,2%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	40,9%	9 _{/22}	-22,7%	73,5%	1995 _{/2811}	-32,6%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	40,9%	9 _{/22}	22,7%	16,4%	512 _{/2811}	24,5%*

Nokkuð jákvæðar breytingar eru á virkni foreldra og vilja þeirra til að taka þátt í námi barna (5.1. og 5.2.) frá síðustu könnun og mælist nú lítillega yfir landsmeðaltali. Færri telja heimavinnu hæfilega og telja margir foreldrar hana of litla. Áhugavert er að skoða væntingar foreldra um framhaldsnám (5.5. og 5.6.). Væntingar um háskólanám eru langt undir landsmeðaltali, auk þess sem mikil lækkun er frá síðustu könnun í Grenivíkurskóla, en væntingar um iðnnám eru aftur á móti langt yfir landsmeðaltali, auk þess sem mikil hækkun er frá síðustu könnun í Grenivíkurskóla.

3.6.2 Skólapúlsinn - starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars og apríl. 17 voru í úrtaki og svöruðu 16 könnuninni (94,1%). Könnunin mælir mat starfsfólks á fjölmörgum þáttum varðandi starfið, starfsumhverfið, vinnustaðinn, stjórnun o.fl. Einnig gefst starfsfólki tækifæri til að skrifa opin svör (í ljósi lítills úrtaks eru opin svör ekki birt opinberlega).

1. Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,2	15	-1,0	4,7	1.206	-1,5*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,5	15	-0,3	4,9	1.206	0,6*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	3,0	15	-0,6	4,8	1.207	-1,8*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,7	15	0,1	5,0	1.206	-0,3

Starfsfólk telur hlutverk sitt vera skýrt (1.2.), ekki er ágreiningur um hlutverk (1.3.), og þá upplifir fólk ekki of mikið álag í starfi (1.1.). Allt eru þetta jákvæð merki um starfið og starfsumhverfið.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	15	0,3	5,0	1.199	-0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,9	15	-0,5	5,1	1.198	-0,2
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,2	15	-0,7	5,0	1.197	-0,8*
2.4. Ræktun mannaúðs	6,0	15	-0,5	5,1	1.491	0,9*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	61,5%	8 _{/13}	-20,3%	83,7%	931 _{/1112}	-22,2%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	87,5%	7 _{/8}	-12,5%	88,4%	784 _{/887}	-0,9%

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,7	15	0,5	5,2	1.196	0,5
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,8	14	0,1	5,0	1.159	0,8*
3.3. Ánægja með styttingu vinnuviku	37,5%	3 _{/8}	-6,9%	43,2%	290 _{/671}	-5,7%
3.4. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,4	15	-0,5	5,2	1.185	0,2
3.5. Stuðningur við nýsköpun	5,1	15	-0,7	5,1	1.185	0,0
3.6. Mismunur	3,8	15	-0,5	4,7	1.186	-0,9*
3.7. Einelti (þú)	6,7%	1 _{/15}	6,7%	3,4%	40 _{/1180}	3,3%
3.8. Einelti (annar en þú)	13,3%	2 _{/15}	13,3%	9,9%	116 _{/1175}	3,4%
3.9. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	0%	0 _{/15}	0,0%	3,0%	35 _{/1175}	-3,0%
3.10. Kynferðisleg áreitni	0%	0 _{/15}	0,0%	1,2%	14 _{/1184}	-1,2%

Starfsfólki gengur vel að samræma vinnu og einkalíf (2.3.) og það er ánægt með vinnuaðstöðuna (3.2.). Ánægja með starfsmannaviðtöl (2.5. og 2.6.) dalar mikið og skrifast það algjörlega á skólastjóra. Hafa þarf starfsþróunarsamtöl skipulagðari og markvissari en undanfarin misseri. Einelti greinist í könnuninni og er það miður og mikilvægt að starfsfólk sem upplifir einelti á vinnustað hafi leiðir til að greina frá slíku og fá aðstoð.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,2	15	0,0	5,2	1.507	1,0*
4.2. Samngjörn forysta næsta yfirmanns	6,3	15	0,2	5,2	1.501	1,1*
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,7	15	-0,6	5,1	1.496	0,6*

Almenn ánægja virðist með stjórnun og skora allir matsþættir marktækt yfir landsmeðaltali.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,5	10	0,5	5,3	1.137	-0,8*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	3,2	10	-1,3	5,0	1.124	-1,8*
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	3,9	6	-1,8	5,0	1.021	-1,1
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	55,7 mín	7	-51,8 mín	41,0 mín	985	14,7 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	88,9%	8 _{/9}	-11,1%	67,2%	783 _{/1165}	21,7%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	37,5%	3 _{/8}	26,4%	51,1%	543 _{/1053}	-13,6%
5.7. Hópavinna í bekk	25,0%	2 _{/8}	-41,7%	40,0%	402 _{/1094}	-15,0%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	20,0%	2 _{/10}	-35,6%	31,8%	352 _{/1106}	-11,8%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	30,0%	3 _{/10}	-47,8%	53,9%	606 _{/1124}	-23,9%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	0%	0 _{/8}	0,0%	20,0%	212 _{/1058}	-20,0%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	44,4%	4 _{/9}	-33,4%	78,5%	896 _{/1141}	-34,1%*

Ánægja með kennarastarfið (5.1.) mælist marktækt undir landsmeðaltali en þó er jákvæð breyting frá síðustu könnun í Grenivíkurskóla. Trú kennara á eigin getu (5.2.) mælist einnig marktækt undir landsmeðaltali. Þegar spurningar sem mynda þessa matsþætti eru skoðaðar kemur í ljós að kennarar merkja almennt við “frekar sammála” þegar kemur að spurningum um ánægju í starfi en möguleikinn “mjög sammála” er sjaldnar valinn. Hið sama á við þegar spurt er um trú á eigin getu. Skýrir þetta þann mikla mun sem greinist frá landsmeðaltali. Hér er því ekki um beina óánægju eða vantrú á eigin getu að ræða en tækifæri til úrbóta eru til staðar.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,4	8	1,5	5,2	1.009	1,2*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	6,2	9	0,6	5,3	994	0,9
6.3. Faglegur stuðningur skólastjórnenda við kennara	5,8	10	-0,3	5,1	1.117	0,7*
6.4. Samráð um kennslu	5,9	8	-0,6	5,5	1.062	0,4
6.5. Samvinna um kennslu	5,1	6	-1,5	5,5	1.009	-0,4

Kennarar telja sig almennt fá góðan stuðning (6.1. og 6.3.) og þeir hafa með sér gott samráð um kennslu (6.4.).

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	77,8%	7 _{/9}	15,3%	45,9%	482 _{/1051}	31,9%
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,2	9	-0,1	5,2	1.067	1,1*
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	66,7%	6 _{/9}	-20,8%	49,6%	530 _{/1068}	17,1%

Kennarar hefðu viljað aukin tækifæri til símenntunar á undanfögnu ári (7.4.) og meta símenntunarpörf sína mikla (7.2.). Jákvætt er að sjá að kennarar séu áhugasamir um öfluga símenntun, enda er það forsenda framfara í starfi eins og kennslu, og mikilvægt að tryggja góð símenntunartækifæri til kennara og raunar alls starfsfólks.

3.6.3 Umbótatillögur - Skólapúlssinn

- Halda áfram að vinna að eineltisforvörnum og bregðast við eineltismálum með markvissum hætti.
- Efla heimalestur og heimavinnu almennt í samráði við foreldra og forráðamenn.
- Gera starfsþróunarsamtöl markvissari og skipuleggja þau betur.
- Tryggja að starfsfólk sem upplifir einelti á vinnustað hafi skýrar leiðir til að greina frá slíku og fá aðstoð.
- Tryggja fjölbreytta símenntunarmöguleika fyrir starfsfólk og styðja það til starfsþróunar.
- Fullgera skólalóð t.d. með því að búa til meira skjól með gróðri eða skjólveggjum, setja blómaker eða annað til að gera svæðið hlýlegra, komu upp aparólu o.s.frv.

3.7 Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmið verkefnisins er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

Könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar hefur frá skólaárinu 2021-2022 verið lögð fyrir á hverju ári í grunnskólum. Hún er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Upplýsingar um rannsóknina og niðurstöður á landsvísu er hægt að skoða á [heimasíðu rannsóknarinnar](#).

34 nemendur tóku þátt í rannsókninni í Grenivíkurskóla að þessu sinni. Í ljósi lítils úrtaks eru niðurstöður fyrir skólann ekki settar fram bekkjarskiptar, heldur eru bekkir oft felldir saman.

Hér að neðan má sjá umfjöllun helstu niðurstöður könnunarinnar en ítarlegri skýrslu er að finna á [heimasíðu skólans](#).

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að mörgu leyti áhyggjuefni. Nemendur Grenivíkurskóla telja lífsánægju sína mun lakari samanborið við landsmeðaltal, þeir upplifa meiri kvíða, depurð og finna frekar fyrir neikvæðum líkamlegum kvillum, einelti mælist mjög hátt og þeir eiga síður auðvelt með að ræða vandamál sín við foreldra. Traust nemenda til kennara sinna mælist lágt, en þeir segjast þó engu að síður líða ágætlega í skólanum. Ákveðnir þættir eiga sér mögulegar skýringar, t.a.m. fór mikil vinna í úrvinnslu eineltismála á sl. skólaári sem gæti litað svör nemenda sem tóku þátt í þeirri vinnu.

Þegar spurt er um heilsu og vellíðan nemenda er gott að sjá að nemendur virðast almennt duglegir að hreyfa sig. Hins vegar er hlutfall þeirra sem finna reglulega fyrir andlegum og líkamlegum kvillum talsvert hærra en á landsvísu, sem fyrr segir.

Þegar spurt er um þætti er varða öryggi og vernd er áhyggjuefni að sjá að stór hluti segist hafa lent í slagsmálum á undanförunum 12 mánuðum og sem fyrr segir mælist einelti hátt, hvort tveggja þegar nemendur eru spurðir eftir því hvort þeir hafi verið þolendur eða gerendur. Ánægjulegt er að sjá að áfengisneysla síðustu 30 daga fyrir könnun mælist lítil, en á móti kemur hefur umtalsvert hlutfall nemenda orðið drukknir um ævina.

Þegar rýnt er í svör við einstökum spurningum í rannsókninni og þau borin saman við aðrar kannanir, s.s. áðurnefnda könnun Skólapúlsins, gætir á köflum ákveðinna þversagna sem erfitt er að átta sig á. Engu að síður er ljóst að niðurstöðurnar eru á köflum mjög slæmar og fullt tilefni til að taka þær alvarlega og leita leiða til úrbóta.

3.7.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin

- Efla traust nemenda til kennara.
- Leita leiða til að bæta andlega og líkamlega vellíðan nemenda í samráði við heimili.

- Rýna í ástæður lakra niðurstaðna almennt og leita leiða til úrbóta.

3.8 Olweusaráætlunin gegn einelti

Olweusarkönnun um einelti hefur verið lögð fyrir árlega undanfarin ár. Ekki var framkvæmd slík könnun þetta árið og óvíst með framhald verkefnisins á landsvísu, en Grenivíkurskóli mun þó áfram starfa eftir hugmyndafræði þess.

3.8.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti

- Viðhalda starfinu í tengslum við Olweusaráætlunina og tryggja reglulegar umræður um einelti og afleiðingar þess í öllum námshópum.
- Hafa fundi með foreldrum í upphafi skólaárs, eða í tengslum við niðurstöður könnunar, þar sem farið er yfir Olweusaráætlunina og tækifæri til samtals gefst.

4. Lokaorð

Innra mat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Mikilvægt er að þróa matshætti í Grenivíkurskóla áfram til að tryggja öflugt og umbótamiðað innra mat í skólanum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, þeir metnir, og tillögur til umbóta lagðar fram. Þessi skýrsla verður því lögð til grundvallar þeirra umbóta sem stefnt er á að ráðast í á komandi skólaári og er það hlutverk alls starfsfólks að taka þátt í því til að gera góðan skóla enn betri.

Þorgeir Rúnar Finnsson
skólastjóri Grenivíkurskóla

Viðauki 1 - mat á umbótatillögum síðasta skólaárs

Hér að neðan má sjá mat á umbótatillögum síðasta skólaárs.

- Þær tillögur sem eru **rauðmerktar** tókst ekki, eða að mjög litlu leyti, að framfylgja.
- Þær tillögur sem eru **gulmerktar** tókst að einhverju leyti framfylgja, eða þá að vinna við þær er hafin.
- Þær tillögur sem eru **grænmerktar** tókst að mestu eða öllu leyti að framfylgja.

Sumar tillögur eru þess eðlis að vinnu við þær lýkur tæpast, þ.e., ávallt er hægt að bæta um betur eða þá að verkefnin eru þess eðlis að huga þarf að þeim á hverju ári. Slíkar tillögur koma margar hverjar fram á nýjan leik í umbótatillögum í skýrslu þessa skólaárs, jafnvel þótt þær séu grænmerktar hér að neðan. Neðangreint mat var að einhverju leyti unnið í samráði við kennara, en er að öðru leyti er um að ræða mat skólastjóra út frá fyrirliggjandi gögnum og athugunum.

3.1.1 Umbótatillögur - fundir

- Efla þátttöku nemenda í samverustundum, t.d. með kynningu á verkefnum o.þ.h.
- Vera dugleg að setja í skriftarmöppur nemenda.
- Efla grænfánastarfið og sækja um endurnýjun vorið 2026.
- Setja skýrari stefnu um námsmat í skólanum. Nýta endurskoðun Aðalnámskrár í því samhengi.
- Skýra reglur um fjarvistir (líka þegar nemendur koma seint) og formgera viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.
- Leita leiða til að efla heimalestur, t.d. með notkun á forritinu Læsir.
- Efla starf nemendaráðs.
- Gera átak þegar kemur að umgengni og virðingu fyrir hlutum og húsmunum.

3.2.1 Umbótatillögur - skimanir

- Fylgjast með og nýta þau matstæki sem til eru og koma t.d. frá Menntamálastofnun, Skólavefnum og ráðuneytinu.
- Notaða fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinna með ritmál á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- Tryggja aðgengi að fjölbreyttum hljóðbókum, sérstaklega til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða.
- Gera lestrarumhverfi notalegt, hvetjandi og tryggja lestrarnæði.

- Hvetja foreldra á öllum stigum til að lesa fyrir börn sín heima og styðja við þau og hvetja í heimalestri, t.d. með notkun á forritinu Læsir.
- Tryggja að nemendur sem þurfa aukinn stuðning í námi fái hann tímanlega og markvisst.

3.3.1 Umbótatillögur - innleiðing teymiskennslu

- Tryggja nægan tíma til funda og sameiginlegs undirbúnings teyma.
- Fjölga heildstæðum, samþættum verkefnum, auka ábyrgð nemenda og efla sjálfstæð vinnubrögð.
- Skoða leiðir til að aðlaga húsnæði skólans betur að teymiskennslu og sveigjanlegum kennsluháttum.
- Vera virk í að kynna okkur framúrskarandi starf í skólum sem við getum borið okkur saman við og hagnýta það sem hægt er þaðan.

3.4.1 Umbótatillögur - ársskýrslur teyma

- Skipuleggja 80 mínútna lotur vel og tryggja uppbrot, sér í lagi fyrir yngri nemendum.
- Gera skýra áætlun í upphafi skólaárs þar sem helstu námsþættir fyrir hvern árgang eru kortlagðir, ekki síst með þarfir 1. bekkinga í huga.
- Leita leiða til að bæta agamál og umgengni í skólanum og efla með nemendum virðingu gagnvart námsgögnum, starfsfólki, samnemendum, og sjálfum sér.
- Tryggja snemmtæka íhlutun og stuðning við hæfi fyrir nemendur sem glíma við námsörðugleika.
- Efla samstarf við foreldra, ekki síst þegar kemur að heimalestri, eftirfylgd áætlana o.þ.h.

3.5.1 Umbótatillögur - starfsþróunarsamtöl

- Bæta þætti varðandi starfsaðstöðu, t.d. hljóðvistar- loftgæða- og lýsingarmál til framtíðar svo eitthvað sé nefnt.
- Tryggja gott upplýsingaflæði til allra starfsmanna.
- Tryggja nægan tíma til samvinnu kennara og teyma.

3.6.3 Umbótatillögur - Skólapúlsinn

- Leita leiða til að auka aga í skólanum.
- Leita leiða til að efla áhuga nemenda á námi almennt, t.d. með áhugahvetjandi verkefnum og fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Tryggja öryggi nemenda og fylgjast sérstaklega með stríðni og einelti í frímínútum.

3.7.1 Umbótatillögur - Íslenska æskulýðsrannsóknin

- Rýna í ástæður lakra niðurstaðna og leita leiða til að bregðast við þeim.

3.8.1 Umbótatillögur - Olweusaráætlunin gegn einelti

- Viðhalda starfinu í tengslum við Olweusaráætlunina og tryggja reglulegar umræður um einelti og afleiðingar þess í öllum námshópum.
- Hafa fundi með foreldrum í upphafi skólaárs, eða í tengslum við niðurstöður könnunar, þar sem farið er yfir Olweusaráætlunina og tækifæri til samtals gefst.